

## FUNDARBOÐ - Kynningarfundir umhverfis- og auðlindaráðherra á drögum að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi (Þjóðgarðastofnun) í ágúst og september

**Frá** : Guðný Lára Ingadóttir <gudny.ingadottir@uar.is>  
**CC** : Orrí Páll Jóhannsson <orri.pall.johannsson@uar.is>; Guðný Lára Ingadóttir <gudny.ingadottir@uar.is>  
**Heiti** : FUNDARBOÐ - Kynningarfundir umhverfis- og auðlindaráðherra á drögum að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi (Þjóðgarðastofnun) í ágúst og september  
**Málsnúmer** : 2018020003  
**Málsaðili** : Alþingi  
**Skráð dags** : 17.08.2018 12:09:45  
**Höfundur** : Guðný Lára Ingadóttir <gudny.ingadottir@uar.is>

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Minnt er á tilkynningu um þátttöku í kynningarfundum umhverfis- og auðlindaráðherra á drögum að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi (Þjóðgarðastofnun) sem haldnir verða í ágúst og byrjun september.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið [gudny.ingadottir@uar.is](mailto:gudny.ingadottir@uar.is)

Næstu tveir fundir verða haldnir í **Rauða kross salnum, Strandgötu 24, Hafnarfirði, miðvikudaginn 22. ágúst kl. 15:00** og á **Hótel Kea, Akureyri 23. ágúst kl. 15:30**. Sjá nánar um staðsetningu og tímasetningu funda í dagskrá hér fyrir neðan.

Frestur til að skila inn umsögnum við frumvarpið í samráðsgátt Stjórnarráðsins er til 5. september nk. Frumvarpið má nálgast á slóðinni: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=99](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=99)

## Kynningarfundir umhverfis- og auðlindaráðherra um drög að frumvarpi um nýja stofnun fyrir verndarsvæði á Íslandi



Umhverfis- og auðlindaráðherra boðar til funda með sveitarfélögum, umhverfisverndarsamtökum, ferðamálasamtökum og útivistarsamtökum þar sem kynnt verða drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þjóðgarðarnir þrír, Vatnajökulsþjóðgarður, þjóðgarðurinn á Þingvöllum og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, verði sameinuð í eina stofnun sem og önnur friðlýst svæði landsins. Þá verði undirbúningur friðlýsinga, eftirlit á friðlýstum svæðum og stjórnun þeirra meðal verkefna hinnar nýju stofnunar.

Helstu markmið með stofnuninni er að efla náttúruverndarsvæði með einföldun stjórnkerfis, aukinni skilvirkni og samnýtingu þekkingar. Með yfirsýn yfir málefni friðlýstra svæða á einum stað skapast breiður vettvangur til heildstæðrar stefnumótunar til lengri tíma.

Í skipulagi og fyrirkomulagi stjórnunar stofnunarinnar er lögð áhersla á valddreifingu og aðkomu sveitarfélaga og samtaka almennings að stjórnun og stefnumótun svæðanna sem undir hana heyra.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í fundunum á netfangið [gudny.ingadottir@uar.is](mailto:gudny.ingadottir@uar.is)

**Guðný Lára Ingadóttir, ritari yfirstjórnar / Secretary to the Permanent Secretary**  
Skrifstofa yfirstjórnar / Senior Management  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources  
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8600 • Fax: (+354) 562 4566  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing